

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 16. ágúst 2017

29. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX
OYSTER PERPETUAL 39

MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is



Beðið eftir stjórnvöldum

Vogunarsjóðir og Goldman Sachs ætla ekki að nýta sér kauprétt að 22 prósentu hlut til viðbótar í Arion banka. Útboð háð því skilyrði að stjórnvöld falli frá forkaupsrétti sínum og að FME klári hæfismat sitt á Taconic og Attestor. Búið að safna fjárfestalofoföllum frá erlendum sjóðum fyrir um 100 milljarða.



»2 Baldur og Kjartan kaupa í verðbréfafyrirtækinu ALM

Fimm fjárfestar, þar á meðal þeir Baldur Guðlaugsson, Kjartan Gunnarsson og Magnús Gunnarsson, hafa keypt samanlagt þriðjungshlut í ALM Verðbréfum. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir engin áform um sameiningar.

»2 Taconic seldi allt í Icelandair í janúar

Vogunarsjóðurinn Taconic Capital seldi alla hluti sína í Icelandair í janúar fyrir um hálfan milljarð, skömmu áður en félagið sendi frá sér kolsvarta afkomuviðvörðun. Síðan þá hefur gengi bréfa í félaginu lækkað um 28 prósent.

»8 KFC seldi kjúkling fyrir 3 milljarða

Skyndibitakeðjan KFC á Íslandi hagnaðist um 159,2 milljónir króna í fyrra og jókst hagnaðurinn um 44 prósent á milli ára. Alls nam vörusala keðjunnar 2,9 milljörðum króna í fyrra.

Ávallt FRÍAR sjónmælingar

Tímapantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500
Optical Studio í Keflavík, 4213811
Optical Studio í Leifsstöð, 4250500



Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

Seldi allt sitt í Icelandair í janúar

Bandaríski vögunarsjóðurinn Taconic Capital seldi alla hluti sína í Icelandair Group í janúar á þessu ári, samtals um hálf prósent, skömmu áður en félagið sendi frá sér viðvörun til Kauphallarinnar þar sem afkomuspá þess var lækkuð um líðlega þrjátíu prósent. Síðan þá hefur gengi hlutabréfa í félaginu lækkað um 28 prósent.

Samkvæmt lista yfir alla hluthafa í flugfélaginu í lok janúarmánaðar, sem Markaðurinn hefur séð, fór vögunarsjóðurinn af hluthafalista Icelandair í mánuðinum. Sjóðurinn hafði áður átt, í gegnum félagið TCA Opportunity Investments, sem er skráð með lögheimili í Lúxemborg, samanlagt um 22,5 milljónir hluta. Miðað við að bréf félagsins voru alla jafna að ganga kaupum og solum á genginu 22 krónur á hlut í janúar má gera ráð fyrir að sjóðurinn hafi selt hlut sinn fyrir um 495 milljónir.

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins hefur Taconic Capital jafnframt losað um alla eignarhluti sína í skráðum félögum hér á landi það sem af er árinu. Sjóðurinn hóf að gera sig gildandi á íslenskum hlutabréfamarkaði í fyrra með kaupum á bréfum í Reitum fasteignafélagi, Icelandair Group, Högom, Marel, Eik fasteignafélagi og N1.

Þrátt fyrir að sú fjárfesting hafi á þeim tíma samanlagt numið milljörðum króna, þá voru kaup sjóðsins í hverju félagi fyrir sig



» Hlutabréf Icelandair hafa lækkað um 31% það sem af er ári.

ekki af þeirri stærðargráðu að þau skiluðu honum á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa.

Vögunarsjóðurinn á mikilla hagsmuna að gæta hér á landi sem langsamlega stærsti einstaki hluthafi eignarhaldsfélagsins Kauppings, með tæplega fjörutíu prósent hlut, sem og stór eigandi í Arion banka með 9,99 prósent hlut.

Í kolsvartri afkomuviðvörun sem Icelandair Group sendi frá sér 1. febrúar síðastliðinn kom fram að EBITDA-hagnaður félagsins – afkoma fyrir fjármagnslíði, afskriftir og skatta – myndi lækka um 60 til 70 milljónir dala og verða á bilinu 140 til 150 milljónir dala. Vísað var til þess að bókanir hefðu verið hægari en gert var ráð fyrir og að meðalfargjöld á mörkuðum hefðu lækkað umfram spár. Stjórnendur félagsins hækkuðu í síðasta mánuði spána í 150 til 160 milljónir dala.

Hlutabréf flugfélagsins hafa hriðfallið í verði eftir að félagið sendi frá sér umrædda afkomuviðvörun. Alls nemur lækkunin um 28 prósentum. Bréfin meira en tífölduðust í verði á árunum 2010 til 2016. – **kij**

Nasdaq hagnast um 308 milljónir

Hagnaður Nasdaq verðbréfamíðstöðvarinnar nam 307,9 milljónum króna í fyrra og dróst saman um tuttugu milljónir á milli ára, samkvæmt nýjum ársreikningi félagsins. Var arðsemi eigin fjár 51,8 prósent á árinu borið saman við 49,2 prósent árið 2015.

Samkvæmt ársreikningi félagsins, sem er í eigu Eignarhaldsfélagsins Verðbréfaþings sem er aftur í eigu bandarísku kauphallarsamstæðunnar NasdaqOMX, voru tekjur þess 691,6 milljónir króna í fyrra. Á móti námu rekstrargjöldin 346 milljónum króna og jukust þau um þrjátíu milljónir á milli ára.

Stjórn félagsins hefur ákveðið að greiða út 310 milljóna króna arð til eigenda. Eigið fé félagsins var 594,6



Guðrún Blöndal, framkvæmdastjóri Nasdaq verðbréfamíðstöðvarinnar

milljónir króna í lok síðasta árs og heildareignir rúmlega 712 milljónir, en þær drógust saman um hátt í 200 milljónir á milli ára.

Eins og kunnugt er vinna fjárfestar nú að stofnun Verðbréfamíðstöðvarinnar sem mun binda enda á einokun Nasdaq á markaði með skráningu verðbréfa hér á landi. Gert er ráð fyrir að Verðbréfamíðstöðin taki til starfa síðar á árinu. – **kij**

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Ritstjóri Höður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

Baldur og Kjartan hafa fest kaup á hlut í ALM

Fimm fjárfestar, þar á meðal þeir Baldur Guðlaugsson, Kjartan Gunnarsson og Magnús Gunnarsson, hafa bæst í hluthafahóp verðbréfafyrirtækisins ALM Verðbréfa. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir engin áform vera um sameiningar.

Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, og Magnús Gunnarsson, fyrrverandi formaður Vinnuveitendasambandsins, eru á meðal þeirra fjárfesta sem hafa eignast hlut í verðbréfafyrirtækinu ALM Verðbréfa. Fimm fjárfestarar bættust í hluthafahópinum í síðasta mánuði með kaupum á samanlagt þriðjungshlut í fyrirtækinu.

Kanadíska fjármálafyrirtækið Prospect Financial Group, sem Gordon Reykdal, ræðismaður Íslands í Edmonton í Kanada, stýrir, keypti 9,95 prósent hlut í ALM Verðbréfa. Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóri Landsbanka Íslands, er framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu. Hinir fjárfestarnir fjórir keyptu hver um sig 5,94 prósent hlut í ALM.

Um er að ræða þá Baldur Guðlaugsson, sem var í febrúar árið 2012 dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir innherjasvik og brot í opinberu starfi, og félögin KGK tveir ehf. í eigu Kjartans Gunnarssonar, Fjallatindar ehf. í eigu hjónanna Magnúsar Gunnarssonar og Gunnhildar Gunnarsdóttur og B30 ehf. í eigu hjónanna Stefáns Friðfinnssonar, fyrrverandi forstjóra Íslenskra aðalverktaka, og Ragnheiðar Ebenzersdóttur.

Kjartan, sem sat um árabíl í bankaráði Landsbankans, er jafnframt hluthafi í verðbréfafyrirtækinu Virðingu og þá er Magnús Gunnarsson vara- maður í stjórn Fossa markaða. Magnús hefur gegnt margvíslegum stjórnarstörfum í íslensku atvinnulífi, en hann var meðal annars forstjóri Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda.

Arnar Jónsson, framkvæmdastjóri ALM Verðbréfa, segir afar jákvætt að félagið hafi fengið öflugan fjárfesta til liðs við sig.

Nokkur gerjun hefur verið á fjármálamarkaði undanfarið og hafa mörg félög reynt að leita leiða til þess að ná fram hagræðingu í rekstri. Þannig hefur Kvika til að mynda fest kaup á Virðingu og Óldu sjóðum. Aðspurður segir Arnar engin sérstök áform vera um sameiningar við önnur fjármálafyrirtæki. Hins vegar sé félagið ávallt opið fyrir öllum möguleikum sem bjóðast.

Þeir Baldur og Kjartan eru jafnframt



ALM Verðbréfa eru til húsa í Sundagörðum við Skarfabakka. FRÉTTABLAÐID/STEFAN

hluthafar og stjórnarmenn í fyrirtækinu A Faktoring, sem sérhæfir sig í reikningakaupum án endurkröfu, en fyrirtækið á í margs konar samstarfi við ALM Verðbréfa. Þannig veita fyrirtækin til að mynda saman milligöngu um fjármögnun, svo sem endurfjármögnun skulda eða langtímafjármögnun atvinnuhúsnæðis, fyrir fyrirtæki og fjárfesta. Er ALM Verðbréfa enn fremur stór hluthafi í A Faktoring.

Seljendur voru Sigurður Kristinn Egilsson, fyrrverandi starfsmaður ALM Verðbréfa og nú framkvæmdastjóri Arcur Finance, sem seldi 17,2 prósent hlut, félagið Investar ehf. í eigu hjónanna Gunnars Henriks B. Gunnarssonar, eiganda g l e r a u g n a - verslunarinnar Prooptik og stórs hluthafa í Kviku, og Lovísu

Ólafsdóttur, sem seldi 9,5 prósent hlut, Master ehf. í eigu Eyjólfis Arnar Jónssonar, forstöðumanns hjá Íslandsbanka, sem seldi 4,5 prósent hlut, og loks Valagil ehf. í eigu Ægis Páls Friðbertssonar, framkvæmdastjóra Brims, sem seldi einnig 4,5 prósent hlut í ALM Verðbréfa.

Arnar Jónsson er stærsti hluthafi ALM Verðbréfa með 27,6 prósent hlut. Þar á eftir koma þeir Hjörtur H. Jónsson og Ísak S. Hauks- son, með 17,25 prósent hlut hvor, en þeir starfa báðir hjá fyrirtækinu. Annar starfsmaður, Þorvaldur Makan Sigbjörnsson, á 4,2 prósent.

Hagnaður ALM Verðbréfa nam um 13,5 milljónum króna í fyrra og dróst saman um 49 prósent á milli ára. Eignir fyrirtækisins jukust um 22 prósent á milli ára og námu rúmri 101 milljón króna í lok árs 2016. Var eiginfjárhlutfallið þá 125,1 prósent.

kristinningi@frettabladid.is
hordur@frettabladid.is



Félag Steingríms úrskurðað gjaldþrota

Félagið Haldleysi, áður Fáfni Holding, sem er einkahlutafélag í eigu Steingríms Erlingssonar, fyrrverandi forstjóra Fáfni Offshore, var í síðasta mánuði tekið til gjaldþrotaskipta.

Steingrímur stofnaði Fáfni Offshore árið 2012 og gegndi starfi forstjóra þess þar til í desember árið 2015, þegar hann var rekinn. Félagið sérhæfir sig í þjónustu við olíu- og gasborpalla á norðlægum slóðum og rekur skipið Polarsýssel, sem er dýrasta skip Íslandssögunnar.

Steingrímur var fram að desember árið 2015 andlit Fáfni út á við, en Jóhannes Hauksson, stjórnarformaður Fáfni, tók þá við framkvæmdastjórnastarfinu um stutt skeið. Í kjölfarið hófust miklar deilur milli Steingríms og meirihlutaeigenda í Fáfni, sem eru meðal annars framtakssjóðirnir Akur og Horn II.



Steingrímur Erlingsson stofnaði Fáfni Offshore árið 2012 en var rekinn þremur árum síðar. Lifeyrissjóðir eru stærstu hluthafar félagsins. MYND/FÁFNIR

Stjórn Fáfni hefur tvisvar ráðist í skuldabréfaútgáfu upp á samtals 345 milljónir króna til að tryggja áframhaldandi rekstur. Hlutur

Haldleysis í Fáfni Offshore minnk- aði um leið úr 21 prósent í lok árs 2015 í rúm tíu prósent, en félagið tók ekki þátt í útgáfunum. – **kij**

Sjónvarpsdreifikerfi fyrir hótél, gistiheimili og skip.

ÖREIND

– Tengir þig við framtíðina!

Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660
oreind@oreind.is • www.oreind.is

sart SAMTÖK RÁFVERKTAKA

DISCOVERY SPORT

ÞÆGILEG STÆRÐ, YFIRBURÐA HÆFILEIKAR



ABOVE & BEYOND



Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni INGENIUM dísilvél og ríkulegan staðalbúnað, upphitaða framrúðu, nýja 9 þrepa sjálfskiptingu og hið annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

Discovery Sport dísil sjálfskiptur kostar frá 6.290.000 kr.

www.landrover.is

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Fjárfestarnir sem keyptu samtals um 30 prósentu hlut í Arion banka fyrir á árinu hafa kauprétt að 22 prósentu hlut til viðbótar í bankanum til 19. september næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Falla frá kauprétti að 22 prósentu hlut

Vogunarsjóðir og Goldman Sachs ætla ekki að bæta við sig hlut í Arion banka. Kaupþing biður eftir að FME meti hæfi Taconic og Attestor til að gerast virkir eigendur. Útboð háð því að stjórnvöld falli frá forkaupsrétti sínum. Fjárfestalofoð komin fyrir um 100 milljarða.


Hörður
Ægisson
hordur@frettabladid.is



Þrjú erlendir vogunarsjóðir og bandaríski fjárfestingabankinn Goldman Sachs, sem keyptu samanlagt tæplega 30 prósentu hlut í Arion banka í mars á þessu ári af Kaupþingi, munu ekki bæta við hlut sinn í bankanum síðar á árinu. Fjárfestahópurinn hefur kauprétt að um 22 prósentu hlut til viðbótar, sem gildir til 19. september næstkomandi, en hvorki sjóðirnir né Goldman Sachs hafa hins vegar í hyggju að nýta sér þann rétt og þannig eignast samtals meira en helmingshlut í Arion banka, samkvæmt óruddum heimildum Markaðarins.

Stefnt er að hlutfjárútbóði Arion banka, þar sem Kaupþing hyggst þá bjóða allt að 58 prósentu hlut sinn í bankanum til sölu, í október eða nóvember næstkomandi. Samkvæmt heimildum Markaðarins er mikill áhugi af hálfu erlendra sjóða að taka þátt í útbóðinu. Þannig hafa Fossar markaðir, sem munu brátt fá formlegt hlutverk við útbóðid sem söluráðgjafi Kaupþings, nú þegar safnað fjárfestalofoðum (e. soft commitment) fyrir samtals um 700 til 800 milljónir evra, jafnvirði um 90 til 100 milljarða króna. Að sögn þeirra sem þekkja vel til er í þeim hópi bæði um að ræða sömu sjóði og hafa verið umsvifamiklir wvi

Eignarhald á Arion banka



■ Kaupskil 57,9%
■ Íslenska ríkið 13%
■ Taconic Capital 9,99%
■ Attestor Capital 6,6%
■ Och-Ziff Capital 6,6%
■ Goldman Sachs 2,6%

fjárfestingum í skráðum félögum í Kauphöllinni síðustu misseri – Eaton Vance, Wellington og Miton – og eins aðra erlenda sjóði sem hafa ekki áður fjárfest á Íslandi og eru meðal annars hluthafar í ýmsum evrópskum fjármálafrirtækjum. Möguleg þátttaka íslenskra lífeyrisjóða er því ekki talin ráða miklu um hvort Kaupþingi takist að losa um umtalsverðan hlut sinn í bankanum í útbóðinu.

Höfðu frumkvæði að því að óska eftir kauprétti

Það var að frumkvæði vogunarsjóðanna Taconic Capital, Attestor Capital, Och-Ziff Capital og fjárfestingabankans Goldman Sachs sem óskað var eftir því við Kaupþing að fjárfestarnir fengju kauprétt að enn stærri hlut í bankanum síðar á árinu. Sú beiðni, samkvæmt heimildum Markaðarins, kom rétt áður en tilboð þeirra var samþykkt með fyrirvörum í byrjun febrúar um að kaupa 29,2% prósentu hlut í Arion banka á genginu 0,81 miðað við bólkfært eigið fé bankans í lok þriðja fjórðungs 2016. Samtals greiddu fjárfestarnir 48,8 milljarða fyrir hlutinn.

Nú liggur hins vegar fyrir að kaupréttur sjóðanna og Goldman Sachs á allt að 22 prósentu hlut í viðbót verður ekki nýttur að neinu leyti. Þórarinn V. Þórarinsson, hæstaréttarlögmaður og ráðgjafi hóps lífeyrisjóða, sem höfðu áformað að kaupa samanlagt um 20 til 25 prósentu hlut í Arion banka, lét hafa það eftir sér í fjölmöldum eftir að tilkynnt var um kaup vogunarsjóða og bandaríska fjárfestingabankans að þau hafi verið umfangsmeiri en sjóðunum hafði áður verið kynnt og af þeim sökum nokkurt undrunarefni. „Það hefur verið frá upphafi vitað og út frá því gengið að eigendur Kaupþings myndu kaupa hlut.

Lengst af hefur verið talað um að sá hluti verði af stærðargráðunni 20 til 25 prósent. Þannig að umfangið kom okkur á óvart. Sérstaklega að það væri með þeim hætti að það gæti verið kaupréttur,“ sagði Þórarinn í samtali við Visir.is 21. mars síðastliðinn.

Fjárfesting sjóðanna og Goldman Sachs á 29,2 prósentu hlut í Arion banka fyrir um 49 milljarða er samtals varin að riflega 40 prósentu hluta gagnvart gengisflökti krónunnar, eins og áður hefur verið upplýst um í Fréttablaðinu. Sjóðirnir eru misjafnlega mikið varðir fyrir gengisþróun krónunnar. Samkvæmt heimildum Markaðarins eru vogunarsjóðirnir Taconic Capital og Attestor Capital með samninga um gengisvarnir sem nema í kringum 40 prósentum af fjárfestingu þeirra. Aðkoma Och-Ziff Capital Management að kaupunum var hins vegar háð því skilyrði að Seðlabanki Íslands veitti sjóðnum óafturkallanlega heimild til að verja fjárfestingu sína í bankanum, sem nam um 100 milljónum Bandaríkjadala, að fullu gagnvart gengisþróun krónunnar. Sjóðurinn fékk þá heimild en heildarfjárhæð þeirra gjaldmiðlaskiptasamninga sem fjárfestahópurinn stóð að í tengslum við kaupin í Arion banka var á bilinu 20 til 25 milljarðar.

700 – 800
milljónum evra hafa Fossar markaðir safnað í fjárfestalofoðum frá erlendum sjóðum vegna útbóðs Arion banka.

Beið eftir stjórnvöldum

Hvenær – og hvort – af hlutfjárútbóðinu verður mun hins vegar ráðast af hvenær Fjármálaeftirlitið lýkur mati sínu á hæfi Taconic Capital og Attestor Capital, sem keyptu hvor um sig 9,99 prósentu hlut í bankanum, til að fara með virkan eignarhlut í Arion banka og eins að íslensk stjórnvöld staðfesti við Kaupþing að þau hyggist ekki nýta sér mögulegan forkaupsrétt í bankanum ef hann yrði seldur í útbóðinu á genginu 0,8 eða lægra miðað við eigið fé. Vonir standa til að slík staðfesting fái á fundi Kaupþings með ráðamönnum í þessari viku, samkvæmt heimildum Markaðarins. Að öðrum kosti er talið óframkvæmanlegt að halda almennt hlutfjárútbod þar sem forkaupsréttur ríkisins myndi aftra fjárfestum frá því að taka þátt í útbóðinu.

Vogunarsjóðirnir sendu upphaflega tilkynningu til FME í byrjun apríl þar sem þeir fóru þess á leit að hefja formlega það ferli að vera

100

milljarðar myndu fást fyrir 58 prósentu hlut Kaupþings í Arion banka ef hann yrði seldur á sama gengi og vognarsjóðir keyptu á í mars.

metnir hæfir til að eiga meira en tíu prósentu hlut í Arion banka en sé lítið jafnframt til óbeins eignarhalds sjóðanna, sem stórir hluthafar í Kaupþingi sem á 58 prósent í bankanum, fara þeir yfir þau mörk. FME hefur 60 virka daga til að afgreiða umsókn vognarsjóðanna frá staðfestingu fullbúinnar tilkynningar.

Samkvæmt heimildum Markaðarins var það samt ekki fyrr en um miðjan síðasta mánuð sem stofnunin taldi að slík fullbúin tilkynning hefði borist frá sjóðunum. Enn eru því einhverjar vikur í að niðurstaða fáiast í mati FME á hæfi sjóðanna til að vera virkir eigendur að Arion banka. Þess má geta að Attestor Capital var metinn hæfur af fjármálaeftirlitinu í Austurríki til að fara með virkan eignarhlut í tengslum við kaup sjóðsins á bankanum Kommunalkredit árið 2015.

Haldi eftir hlut í Arion

Þá er Fjármálaeftirlitið einnig með til skoðunar um þessar mundir heimild Kaupþings frá 2010 um að fara með virkan eignarhlut í Arion banka í gegnum dótturfélag sitt Kaupskil. Verði hún felld niður þyrfti Kaupþing í kjölfarið að óbreyttu að standast mat FME um að vera hæfur eigandi að virkum eignarhlut í bankanum, eða sem



Sá sem stýrir félaginu sem heldur um hlut Taconic Capital í Arion er Frank Brosens, eigandi sjóðsins.

nemur meira en tíu prósentum, sem er ólíklegt að félagið myndi standast, að sögn þeirra sem þekkja vel til stöðu mála. Það myndi því þýða að Kaupþing gæti þurft að losa að lágmarki um 48 prósentu hlut – félagið á 57,9 prósent í Arion banka – í fyrirhuguðu útboði.

Ekki hefur verið tekin nein endanleg ákvörðun af hálfu Kaupþings um hversu stór hlutur verður boðinn til sölu í útboðinu en áformað er að bankinn verði skráður á markað á Íslandi og í Svíþjóð. Ef allur hlutur Kaupþings yrði seldur í útboðinu á sama gengi

og vognarsjóðirnir og Goldman Sachs keyptu sinn hlut í bankanum í mars síðastliðnum – 0,81 miðað við bókfært eigið fé – þá myndi félagið fá um 100 milljarða fyrir 58 prósentu hlut sinn ef horft er til eiginfjárstöðu Arion banka í lok fyrsta fjórðungs 2017.

Vegna afkomuskiptasamnings sem gerður var við kröfuhafa Kaupþings þá myndi hins vegar mikill meirihluti þeirrar fjárhæðar falla íslenska ríkinu í skaut. Þeir fjármunir kæmu til viðbótar við söluandvirðið, eða um 49 milljarðar, sem fór allt ríkisins við kaup

sjóðanna á hlut í Arion banka fyrir á árinu. Stjórnvöld eiga því ríkra hagsmuna að gæta að vel takist til við útboðið. Samkvæmt heimildarmönnum Markaðarins er talið sennilegt að Kaupþing vilji halda eftir einhverjum hlut í bankanum – mögulega um 20 prósentum – með það að markmiði að reyna selja hann á hærra verði síðar.

Vilja tryggja sér stóran hlut

Ef Fjármálaeftirlitið veitir Taconic Capital og Attestor Capital leyfi til að fara með virkan eignarhlut í Arion banka í næsta mánuði – og

stjórnvöld þá sömuleiðis staðfesta að þau áformi ekki að nýta sér mögulegan forkaupsrétt sinn – gera áætlanir Kaupþings ráð fyrir því að í sama mánuði verði haldnir kynningarfundir með áhugasömum fjárfestum (e. roadshow). Strax í kjölfarið verði þá hægt að innheimta áskriftarloforð vegna útboðsins sem gæti þá farið fram í október eða nóvember. Á meðal þess fyrirkomulags sem horft er til í aðdraganda hlutafjárútboðsins, að sögn þeirra sem þekkja vel til söluferlisins, er að bjóða ýmsum fagfjárfestum að vera í hópi hornsteinsfjárfesta í útboðinu. Þá skuldbinda þeir sig til að að kaupa tiltekinn eignarhlut í bankanum á sama verði og aðrir – og minni – fjárfestar í útboðinu.

Slíkt fyrirkomulag er vel þekkt í almennum hlutafjárútboðum og skráningu félaga á mörkuðum á Norðurlöndum. Með þessari leið yrði einnig komið til móts við suma erlenda fjárfestingasjóði sem hafa komið þeim skilaboðum áleiðis til Kaupþings og söluráðgjafa þess að þeir vilji tryggja sér umtalsverðan hlut í bankanum í útboðinu. Þannig hefur Markaðurinn heimildir fyrir því að Fossar markaðir hafi meðal annars skráð suma sjóði fyrir fjárfestalofoðum að fjárhæð um 100 milljónir evra, jafnvirði um 12,5 milljarða króna.

Kaupum vognarsjóðanna og Goldman Sachs á tæplega 30 prósentu hlut í Arion banka fylgir ekki atkvæðisréttur að svo stöddu og þá eru jafnframt söluhömlur á eignarhlutnum, samkvæmt heimildum Markaðarins. Þannig mega sjóðirnir ekki selja þau bréf fyrr en í fyrsta lagi sex mánuðum eftir fyrirhugaða skráningu Arion banka á markað.



Á meðan við prentum fyrir þig...

Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar
Fjölóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!

ÍSAFOLDAR
PRENTSMÍÐJA



Suðurláun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Skotsilfur



Von á yfirtöku?

Danska fjárfestingarfélagið William Demant Invest hefur sópað til sín milljónum hluta í Össuri það sem af er ári og á nú 47,6 prósent hlut í stoðtækjaframleiðandanum. Til samantburðar átti félagið um 42 prósent í Össuri í ársbyrjun. Svo umsvifamikil hafa kaupin verið að greinendur velta því nú fyrir sér hvort William Demant hafi í hyggju að taka Össur, en **Jón Sigurðsson** er forstjóri félagsins, hreinlega yfir. Búið er við vaxandi samkeppni á markaði fyrir stoð- og stuðningsvörur á næstu árum og má gera ráð fyrir að félögin tvö, sem eru miklir keppinautar, sjái sér hag í því að snúa bökum saman.



Með bakþanka

Ákvörðun lífeyrisjóða, sem eiga þriðjungshlut í HS Orku í gegnum Jarðvarma, að beita neitunarvaldi sínu og hafna 11 milljarða tilboði



Blackstone í 30 prósent hlut HS Orku í Bláa lóninu hefur vakið furðu. Tilboð Blackstone verðmat Bláa lónið á um 37 milljarða og var nokkuð hærra en búið var við þegar hluturinn var settur í söluferli, eða nemur um ellefu sinnum EBITDA-hagnaði lónsins í fyrra. **David Rúðólfsson**, stjórnarformaður Jarðvarma, sagði að tilboðið hefði ekki endurspeglad verðmæti Bláa lónsins. Nú heyrir að sjóðirnir séu komnir með bakþanka og að viðræður við Blackstone kunni að verða teknar upp að nýju síðar á árinu, þar sem mögulega verði minni hlutur en 30 prósent boðinn til sölu.

Rétt ákvörðun

Hreiðar Bjarnason, framkvæmdastjóri fjármála hjá Landsbankanum, hefur tekið sæti í stjórn fjárfestingarfélagins Eyrir Invest



í stað Svanhvítar Birnu Hrólfssdóttur. Landsbankinn fer með yfir 23 prósent hlut í félaginu, en það er stærsti einstaki hluthafi Marels með tæplega 26 prósent hlut. Bankinn setti allan hlut sinn í Eyrir í söluferli í maí í fyrra en hafnaði öllum tilboðunum fimm sem bárust. Það reyndist afar góð ákvörðun enda hefur hlutabréfaverð Marels snarhækkað um hátt í fimmtíu prósent síðan þá. Hefur markaðsvirði óbeins hlutar bankans í Marel aukist á sama tíma um fimm milljarða króna.

Air Berlin í vanda statt



Stjórn Air Berlin, næststærsta flugfélags Þýskalands, hefur óskað eftir því að félaginu verði veitt heimild til greiðslustöðvunar. Ákvörðunin var tekin eftir að stærsti hluthafi félagsins, Etihad Airways, ákvað að leggja ekki meira fé til rekstrar félagsins. Starfsemin mun haldast óbreytt. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Vanmetinn efnahagsbati Abes



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Ótrúlegt en satt – í Japan er nú meiri hagvöxtur en í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu og Bretlandi. Á mánudaginn voru birtar upplýsingar um raunvöxt vergrar landsframleiðslu í Japan á öðrum ársfjórðungi. Hagvöxtur í Japan var 4% á ársgrundvelli.

Maður verður auðvitað að fara varlega í að lesa of mikið út úr einni tölu, og verg landsframleiðsla er alræmd fyrir óstöðugleika, en

heildarmyndin af sterkum efnahagsbata – kannski jafnvel uppsveiflu samkvæmt sumum viðmiðum – er nokkuð skýr.

Með öðrum orðum er erfitt annað en að álykta sem svo að Shinzo Abe forsætisráðherra hafi staðið við loforð sín um að koma japanska hagkerfinu út úr verðhjöldunargildrunni sem það var fast í fyrir aðeins nokkrum árum. „Abenomics“, eins og efnahagsstefna Abes hefur verið kölluð, virkar.

Nú sjáum við bæði fyrir endann á verðhjölduninni og það sem litur út fyrir að vera viðvarandi aukning á hagvexti. Svo hvað er í gangi? Á einfaldan hátt má segja að það sé sérstaklega tveir þættir sem þessi árin hjálpa Japan út úr lágvaxtagildrunni.

Í fyrsta lagi eru konur að koma í auknum mæli út á vinnumarkaðinn. Og það eru ekki, eins og við sáum á Norðurlöndum á 8. og 9. áratugnum, ungu konurnar heldur eru það miðaldra konur sem eru að koma inn á vinnumarkaðinn.

Þegar Abe varð forsætisráðherra 2012 voru 55 prósent kvenna á aldrinum 55 til 64 ára á vinnumark-

Þetta þýðir að Japanir hafa aftur öðlast trú á framtíðina og hagvöxtur hefur tekið við sér. Og með meiri hagvexti eykst eftirspurn eftir vinnuafli.

Nú hefur sú tala hækkað í 65 prósent og þetta er drifkrafturinn sem er að binda enda á neikvæðu lýðfræðilegu tilhneiginguna sem við höfðum séð á japanska vinnu-markaðnum í næstum þrjá áratugi, og þetta ýtir undir hagvöxt.

Það eru mismunandi ástæður fyrir þessari breytingu. Ein sú mikilvægasta er að eftirspurn eftir vinnuafli hefur aukist hratt í Japan þessi árin í kjölfar verulegrar tilslökunar á peningamálafestunni.

Og peningamálafestnan er önnur mjög mikilvæg ástæða fyrir efnahagslegum árangri Abes. Þess vegna væri hægt að halda því fram að hér sé ekki um neitt „Abenomics“

að ræða heldur „Kurodanomics“, nefnt eftir seðlabankastjóra Japans, Haruchiko Kuroda, sem Shinzo Abe skipaði 2013 með það skýra markmið að koma Japan út úr verðhjölduninni. Og það hefur honum tekist – að minnsta kosti að hluta til.

Kuroda hefur tekið upp tvö prósent verðbólgu markmið og ágenga peningamálafestnu með svokallaðri magnbundinni ihlutun. Japan er ekki enn komið upp í tveggja prósent verðbólgu en nálgast það og virðist vera að færast varanlega út úr verðhjölduninni.

Þetta þýðir að Japanir hafa aftur öðlast trú á framtíðina og hagvöxtur hefur tekið við sér. Og með meiri hagvexti eykst eftirspurn eftir vinnuafli. Reyndar eru nú fleiri laus störf en umsækjendur í japanska hagkerfinu. Og það er eitt af því sem laðar konur – og sérstaklega miðaldra konur – inn á vinnumarkaðinn.

Svo það má vera að Abe forsætisráðherra þurfi að takast á við pólitískar áskoranir núna en efnahagsstefna hans hefur heppnast vel. Hann ætti að þakka japönskum konum og Kuroda fyrir það.

Hversu oft ættu fyrirtæki að mæla viðhorf starfsmanna?



Hin hliðin
Gunnhildur Arnardóttir, framkvæmdastjóri Ceo Huxun og FKA-félagsskona

Það hefur lengi þekkt að mæla viðhorf starfsmanna í árlegum vinnustadakönnunum. Slíkar mælingar eru mikilvægar og gefa margvíslegar upplýsingar um upplifun starfsmanna á mikilvægum þáttum. Vandamálið er hins vegar að frá því mælingin er gerð

og þar til niðurstöður liggja fyrir líða oft margir mánuðir.

Sífelld fleiri stjórnendur eru að gera sér grein fyrir hversu mikils virði er að mæla oft. Hraðvirkari upplýsingagjöf á stjórnunarupplýsingum hefur bein áhrif á fjárhagslegan árangur fyrirtækja. Með því að gera stuttar hnitmiðaðar viðhorfsmælingar sést strax hvar er verið að gera vel og hvar má gera betur. Einnig er komið til móts við nýja kynslóð starfsmanna sem vilja njóta trausts yfirmanns síns og vera þátttakandi í að móta vinnustaðinn.

Að láta reglulega álit sitt í ljós á mikilvægustu þáttum í vinnustaðumhverfinu sem strax eru birtir og ræddir fær starfsmanninn til að upplifa að álit hans skipti máli. Að sama skapi fá stjórnendur endurgjöf frá starfsmönnum varðandi það hvort þeir drifi verkefni áfram, hvort starfsmenn viti nákvæmlega til hvers er ætlast, hvort samskipti séu opin og eðlileg og hvort borin sé virðing fyrir þeim.

En það er ekki nóg að mæla, það þarf að skilja gögnin, kynna niðurstöður strax fyrir hverjum hóp fyrir sig, ræða opinskátt um niður-


stöðuna og hverju þarf að breyta. Þannig myndast stöðug lærdómskúrfa og gagnsæi sem nýtist öllum á vinnustaðnum. Ákvörðunartaka verður hnitmiðaðri, stjórnendur eflast og starfsmenn upplifa mikilvægi sitt.

Fyrstu hugleiðingar stjórnenda eru oft þær að starfsmenn fái leiða á að svara og svörunarhlutfall muni minnka með tímanum. HR Monitor er íslenskt fyrirtæki sem býður vinnustöðum upp á mánadaglegar rauntímamælingar. Á meðan mæling stendur yfir fá allir stjórnendur daglega upplýsingar

um svörunarhlutfall í sinni deild. Niðurstöður þeirra leiða í ljós að því oftast sem upplifun er mæld því hærra er svörunarhlutfallið. Þetta er í takt við niðurstöður þeirra sem starfa með slíkar mælingar erlendis.

Richard Branson segir: „Viðskiptavinurinn er ekki númer eitt, það er starfsmaðurinn sem er númer eitt. Ef þú hugsar vel um starfsmennina þá hugsa þeir vel um viðskiptavininn.“ Viðhorf starfsmanna ætti því að mæla mánaðarlega rétt eins og aðrar lykiltölur fyrirtækisins.

AVIS með hagstæðustu kjörin af öllum bílaleigum í útboði Ríkiskaupa



Sama þjónusta - eins bílar - miklu betra verð

VIÐ
GERUM
BETUR

Avis býður opinberum fyrirtækjum **hagstæðustu kjörin** af bílaleigubjónustu og átti **lægsta tilboðið** af öllum þeim bílaleigum sem tóku þátt í útboði Ríkiskaupa. Við erum stolt af því að geta boðið okkar viðskiptavinum góð kjör og framúrskarandi þjónustu.

Hafðu samband við skrifstofu Avis, Holtagörðum, í síma 591 4000 eða sendu tölvupóst á avis@avis.is og kannaðu málið - það borgar sig.

Stjórnar- maðurinn



@stjornarmadur

Boltasirkusinn

Nú lítur út fyrir að velska knattspyrnuliðið Swansea ætli loks að selja Gylfa Sigurðsson til Everton. Swansea vill víst 50 milljónir punda, eða sem svarar rétt tæpum sjö milljörðum króna, og ekki krónu minna fyrir Gylfa. Samkvæmt því slagur þjónusta Gylfa næstu fjögur til fimm árin hátt upp í virði lítils kauphallarfélags á Íslandi.

Everton og Gylfi eru ekki einu þátttakendurnir á leikmanna-markaðnum þetta sumarið. Öll ensku stórlíðin hafa verið stórtæk. Nægir þar að nefna Manchester City sem keypt hefur fyrir riflega tvö hundruð milljónir punda. Þar af bakvörðinn Kyle Walker af Tottenham fyrir 45 milljónir punda.

Manchester City, rétt eins og PSG í Frakklandi, er nú vissulega nokkuð sér á báti vegna, að því er virðist, þeirra óþrjótandi oliulinda sem að félaginu standa. Kaupin á Walker hljóta þó að sýna, svo ekki sé um villst, að knattspyrnan er gengin af göflunum. Bærilegur bakvörður er orðinn dýrari en snillingurinn Zidane á sínum tíma, og Neymar hinn brasilíski er talinn fimm Zidane-a virði.

Ástæðan er tiltölulega einföld – sjónvarpssamningar. Síðasti samningur sem gerður var um útsendingarétt frá ensku deildinni nam riflega fimm milljörðum punda, eða um 700 milljörðum króna. Það var 71% verðbólga frá fyrri samningi. Þetta var samningur einungis fyrir Bretland og eru þá ótalin sýningar-réttindi fyrir restina af heiminum, sem eru annað eins og riflega þáð.

Verðbólga á enska leikmanna-markaðnum er því knúin áfram af óþrjótandi áhuga fólks á að sjá stór-leiki í sjónvarpinu. Þó eru ákveðnar blíkur á lofti í þeim efnum en áhorf á ensku úrvalsdeildina minnkaði í fyrra miðað við fyrra ár. Fróðlegt verður að sjá hvort sú þróun heldur áfram. Byrjunin lofar þó að minnsta kosti góðu. Markasúpur og rauð spjöld eru góð fyrir áhorfið.

Þeir sem sáu æfingaleik Manchester United og Real Madrid sem fram fór í Bandaríkjunum á dögunum urðu vitni að því að sjálfur Ronald McDonald leiddi liðið út. Kannski er það við hæfi að McDonalds trúðurinn gegni þessu hlutverki á tímum þegar knattspyrnan líkist meira fjölleikahúsaatriði með hverju árinu sem líður.

UMHVEREIÐ
HREINT
Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Seldu kjúkling fyrir þrjá milljarða

Skyndibitakeðjan KFC á Íslandi hagnaðist um 159,2 milljónir króna í fyrra og jókst hagnaðurinn um 44 prósent á milli ára samkvæmt nýjum ársreikningi KFC ehf. sem rekur átta veitingastaði á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi og í Keflavík.

Helgi Vilhjálmsson, sem er gjarnan kenndur við



Helgi Vilhjálmsson

Góu, er eini eigandi og framkvæmdastjóri félagsins.

Alls nam vörusala keðjunnar 2,9 milljörðum króna í fyrra og jókst hún um sextán prósent eða 400 milljónir króna á milli ára. 178 manns störfuðu hjá KFC í fyrra.

– kij

16.07.2017

Ég held að þetta verði klárlega erfiður vetur fyrir margar bílaleigur. Þessi fjöldi bílaleigubíla er of mikill miðað við eftirspurn.

Steingrímur Birgisson, forstjóri Hölds - Bílaleigu Akureyrar



Miklu meira en bara ódýrt

Frábært úrval af VIAIR loftdælum

8.995

Loftdæla OMEGA 12V 30L

1.895

Avo fjölsvið-mælir

2T Tjakkur í tösku

3.795

2T Búkkar

2.995

Jeppatjakkur 2.25T 52cm

17.995

Háþrýstidæla 1650W

9.999

Öflugar háþrýstidælur 165Bör 1800W

29.999

frá 2.995

Bílavotta-kústar

9.895

Vélstandur 1000lb

7.495

Viðgerðarkollur, hækkanlegur

WD40 - 400ml (20% afsláttur ef keyptur er kassi)

985

Vélagálgí 2T

44.999

BERNAL Bílskúrs-hurðaopnarar

24.985

Ljósabretti f/kerrur

4.995

Vinnuvetlingar PU Flex

295

Ruslapokar 90L/120L/140L/190L 10/25/50stk Einnig glærir

frá 385

Mikið úrval af dekkjum og flutningspöllum

frá 385

Hjólborur 100 kg burðargeta

4.895

Álskóflur

frá 1.999

495

Hitamælir mikið úrval

Fötur/Balar/Tunnur/Stampar, mikið úrval

Strekkibönd og teygjur við allra hæfi

frá 2.995

Tröppur og stigar í frábæru úrvali

Strákústar

frá 585

Allt fyrir listamanninn

kolibri

Kolibri penslar

Handgerðir þýskir penslar í hæsta gæðaflokki á afar hagstæðu verði

Kolibri trönur í miklu úrvali, gæðavara á góðu verði

Frábært úrval af strigum

Ný sending af strigum frá Sara&Alma

REMBRANDT Amsterdam akrýllitir

Van Gogh vatnslitir

Ný sending frá Talens, Rembrandt, Van Gogh, Amsterdam

Van Gogh olíulitir

Scantool Hverfisteinarnir komnir aftur

Perfectpro Lunchbox vinnuútvörp, ryk og vatnsvarinn, margar gerðir

9.999

Silverline Hleðsluborvél 18V Li-Ion

16.999

METABO KS 216M Lasercut bútsög

29.985

METABO KGS216M Lasercut bútsög m/framdragi

9.999

Silverline Sverðsög 800W

19.995

Loftpressa 8Bör 180L 24L

19.995

7.995

Sjálfvirkur suðuhjálmur m/photosellu

19.995

Silverline súluborvél

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17